

Tillaga til 423. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. október 2018

Bæjarfulltrúar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Þyrluflug í Hornstrandafriðlandi

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að senda fyrirspurn til Umhverfisstofnunar varðandi þyrluflug og þyrlulendingar í Hornstrandafriðlandi til að fá svör og skýringar á eftirfarandi atriðum.

Hefur Ísafjarðarbæjar heimild til að banna þyrluflug og landingar í friðlandinu t.d. í gegn um skipulag svæðisins?

Hver hefur heimild til að heimila þyrluflug og landingar þyrlu í friðlandinu á Hornströndum?

Meðfylgjandi er eftirfarandi greinargerð.

Í ljósi tillögu sem samþykkt var einróma á 344. fundi Ísafjarðarbæjar þann 15. maí 2014 um að; takmarkanir á þyrluflugi í atvinnuskyni yfir friðlandinu yrði takmarkað verulega og algjörlega banna yfir sumarmánuðina og landingar væru ekki heimilaðar þyrlum í atvinnustarfsemi nema á viðurkenndum landingarstöðum samkvæmt skipulagi en þeir eru að Látrum í Aðalvík og í Fljótavík, vekur það furðu að Ferðaþjónustufyrirtæki hafi flogið ferðamönnum til Hornvíkur þar sem þeir voru skildir eftir í nokkra daga. Ekki var leitað eftir leyfi Ísafjarðarbæjar né landeigenda í Hornvík vegna þessarar ferðar. Upp komst um þessa ferð þegar leita þurfti aðstoðar ferðaþjónustuaðila á Ísafirðir til að sækja farþegana á bát þar sem ekki var hægt að lenda í Hornvík vegna veðurs. Í Hornvík er ekki viðurkenndur landingarstaður og þar sem ekki var um neyðarflug að ræða er ekki heimilt að lenda þar nema með leyfi landeigenda eða Ísafjarðarbæjar. Því er eðlilegt að fá svar frá Umhverfisstofnun sem fer með friðlýsingu svæðisins um það hvar heimildir Ísafjarðarbæjar liggja og hver fer með eftirlitshlutverk í friðlandi Hornstranda.